

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins 6 í Rangárvallasýslu, um skiptingu Ásahrepps í tvö hreppsfélög.

13. jan.
1936

Ráðuneytið hefir móttengið bréf yðar, herra sýslumaður, dags. 27. desember f. á., ásamt erindi hreppsnefndar Ásahrepps, dags. 29. nóvember f. á., um skiptingu Ásahrepps í tvö hreppsfélög, svo og meðmæli sýslunefndarmanna Rangárvallasýslu.

Út af þessu skal hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12 31. maí 1927, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Ásahreppi í Rangárvallasýslu skal skipt í tvö sveitarfélög. Skiptingin ákveðst þannig: Kálfholtskirkjusókn með Vettleifsholtshverfi verður hreppur sér og nefnist Ásahreppur, en Háþéjarkirkjusókn með Bjóluhverfi, Ægissíðu og Rangá verður hinn hreppurinn og nefnist hann Djúpárhreppur.
2. Um fjárskipti hreppanna skal fara sem hér segir:

Afréttur núverandi Ásahrepps skal vera sameign hinna nýju hreppa. Af fjallskilakostnaði, þ. e. fjallgöngur, réttaferðir, refaeyðing, báta- og sæluhúsviðhald o. fl. skal Ásahreppur bera $\frac{1}{2}$ hluta, en Djúpárhreppur $\frac{1}{2}$ hluta. Fjallskilasjóði skal skipta í þessum hlutföllum.

Öllum öðrum eignum, skuldum og skuldbindingum sveitarsjóðsins, sem og þurfamanna framfæri hins núverandi Ásahrepps, þeim er verða þegar skiptingin fara fram, skal skipt þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut Ásahrepps komi $\frac{3}{11}$ hlutar, en í hlut Djúpárhrepps komi $\frac{8}{11}$, og eftir sama hlutfalli skal skipta sveitarþingstum þeim, sem síðar kunna að koma og eiga rót sína í félagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sér stað milli hinna nýju hreppa.

3. Bækur þær, sem hreppsfélagið á nú, skal hinn nýi Ásahreppur kaupa eftir mati núverandi hreppsnefndar, en hreppsnefnd Djúpárhrepps skal eiga aðgang að þeim þegar hún þarfnast. Þó má eigi flytja þær úr Ásahreppi.
4. Hreppsnefndarmenn skulu vera fimm í hvorum hreppi.
5. Aðskilnað hreppanna skal miða við s.l. áramót og skulu hreppsnefndir hinna nýju hreppa framkvæma skiptingu á eignum, skuldum, skuldbindingum og sveitarþingstum, en verði ágreiningur út af skiptunum, skal úr honum skorið af sýslunefnd.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari aðgerða og birtingar að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Ásahreppi sem dómþinghá né manntalsþinghá.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í 7 Ísafjarðarsýslu, um takmörkun verzlunarlóðar Súðavíkurkaupþúns.

25. febr.

Með bréfi, dags. 18. þ. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað tillögu sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu viðvíkjandi takmörkun verzlunarlóðar Súðavíkurkaupþúns ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Súðavík sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti svo sem hér segir:

Að utan 300 metra lína úr odda Þormóðarness beint til fjalls.

Að innan 300 metra lína frá Þórðarsteinum á landamerkjum Eyrardals og Hlíðar beint til fjalls.